

SPARISJÓÐURINN
ALMENNIR VIÐSKIPTASKILMÁLAR

Júní 2016

1. Almennt

- 1.1. Þessir almennu viðskiptaskilmálar Sparisjóðsins gilda um öll viðskipti viðskiptavinar, hvort heldur sem viðskiptavinur er einstaklingur eða lögaðili, og Sparisjóðs Strandamanna, kt. 610269-4199, Hafnarbraut 19, 510 Hólmavík (hér eftir Sparisjóðurinn).
- 1.2. Skilmálarnir hafa að geyma almenn ákvæði um réttindi og skyldur beggja aðila.
- 1.3. Með undirritun skilmálanna, öðru samþykki eða því að óska eftir viðskiptum eða hefja viðskipti við Sparisjóðinn samþykkir þú, sem viðskiptavinur, efni skilmálanna og að fylgja þeim í hvívetna.
- 1.4. Í ákveðnum samningssamböndum gilda auk þess sérstakir skilmálar milli Sparisjóðsins og viðskiptavinar, svo sem vegna útgáfu debet- og kreditkorta, og vegna notkunar á heima- og/eða fyrirtækjabanka. Komi upp ósamræmi milli skilmála þessara og sérstakra skilmála þá skulu ákvæði sérstöku skilmálanna ganga framur þessum almennum skilmálum. Hinir almennu viðskiptaskilmálar eru þá viðbót við sérstöku skilmálana og þeim til fyllingar.
- 1.5. Viðskiptavinur Sparisjóðsins skal kynna sér þau lög, þær reglur og þá skilmála sem gilda um viðkomandi viðskipti hverju sinni.
- 1.6. Semji Sparisjóðurinn og viðskiptavinur um frávík frá almennum eða sérstökum skilmálum Sparisjóðsins ganga þeir framur ákvæðum skilmálanna og gilda í þeim viðskiptum Sparisjóðsins og viðskiptavinarins.
- 1.7. Öll viðskipti, samningar og samskipti á milli Sparisjóðsins og viðskiptavinar eru á íslensku eða ensku. Samskipti á öðrum tungumálum kunna einnig að vera möguleg.
- 1.8. Viðskiptaskilmálar þessir, og aðrir sérskilmálar, eru aðgengilegir á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is, og í heima- og/eða fyrirtækjabanka Sparisjóðsins. Þá getur viðskiptavinur óskað eftir að fá skilmálana senda í pósti með því að hringja í Sparisjóðinn eða með því að senda tölvupóst á Sparisjóðinn.
- 1.9. Nánari upplýsingar um skilmála þessa má fá í næstu afgreiðslu, í síma eða á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is.
- 1.10. Viðskiptavinir geta einnig sent almennar fyrirspurnir á netfang Sparisjóðsins en nánari upplýsingar eru á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is.

2. Um Sparisjóðinn

- 2.1. Sparisjóðurinn er sparisjóður samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem veitir viðskiptavinum þjónustu í samræmi við starfsheimildir sparisjóðsins.
- 2.2. Helstu upplýsingar um Sparisjóðinn:

Sparisjóður Strandamanna
Hafnarbraut 19
510 Hólmavík
Sími: 455-5050
Kennitala: 610269-4199
Netfang: spstr@spstr.is
SWIFT: MPBAISRE
- 2.3. Sparisjóðurinn hefur starfsleyfi sem sparisjóður samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og sætir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík, í samræmi við lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (sjá heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is).
- 2.4. Frekari upplýsingar um starfsemi Sparisjóðsins má finna á vefsíðu hans: www.spar.is.

3. Upphaf viðskipta

- 3.1. Við upphaf viðskiptasambands eða einstakra viðskipta skal viðskiptavinur undirgangast áreiðanleikakönnun, sbr. 4. kafla, og samþykkja þessa skilmála og aðra sérstaka skilmála Sparisjóðsins sem kunna að gilda um einstaka þjónustuþætti.
- 3.2. Sparisjóðnum er heimilt að neita að stofna til viðskipta við einstaka aðila, einstaklinga eða lögaðila, nema lög mæli fyrir um annað. Í slíkum tilvikum getur aðili óskað eftir rökstuðningi fyrir synjuninni. Sparisjóðnum er frjálst að rökstyðja synjunina munnlega eða skriflega.
- 3.3. Fallist aðili ekki á rökstuðning Sparisjóðsins getur hann beint kvörtun til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sjá nánar 26. kafla skilmála þessara.

4. Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

- 4.1. Við upphaf viðskiptasambands, vegna einstakra viðskipta yfir tiltekinni fjárhæð, eða vegna tiltekinna gjaldeyrisviðskipta, þegar grunur leikur á að um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka er að ræða eða vafi leikur á því að fyrirbyggjandi upplýsingar

um viðskiptavin séu réttar eða nægilega áreiðanlegar, ber Sparisjóðnum almenn skylda til þess að kanna áreiðanleika viðskiptavina samkvæmt lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, með síðari breytingum.

- 4.2. Til þess að geta kannað áreiðanleika væntanlegs viðskiptavinar óskar Sparisjóðurinn eftir nánar tilgreindum upplýsingum um viðskiptavin.
- 4.3. Sé væntanlegur viðskiptavinur einstaklingur óskar Sparisjóðurinn eftir upplýsingum um:
 - 4.3.1. Nafn.
 - 4.3.2. Kennitölu.
 - 4.3.3. Lögheimili.
 - 4.3.4. Símanúmer.
 - 4.3.5. Fæðingarstað og þjóðerni.
 - 4.3.6. Tegund og tilgang viðskipta.
- 4.4. Þá skal væntanlegur viðskiptavinur sanna á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum, s.s. vegabréf, ökuskríteini eða nafnskríteini.
- 4.5. Sé viðskiptavinur ólögráða er undirritun lögráðamanns nauðsynleg vegna tiltekinna viðskipta og samninga. Þá kann einnig að þurfa samþykki yfirlögráðanda vegna tiltekinna viðskipta og samninga.

Lögráðamanni viðskiptavinar er þá skylt lögum samkvæmt að framvísa persónuskilríkjum þar sem fram kemur nafn, kennitala og lögheimili hans.

- 4.6. Sé væntanlegur viðskiptavinur lögaðili óskar Sparisjóðurinn m.a. eftir upplýsingum um:
 - 4.6.1. Nafn.
 - 4.6.2. Lagalegt form.
 - 4.6.3. Lögheimili og pósthfang.
 - 4.6.4. Kennitölu.
 - 4.6.5. Vottorð úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.
 - 4.6.6. Ársreikning og samþykktir lögaðilans.
 - 4.6.7. Upplýsingar um eigendur, hluthafa, stjórnarmenn og prókúruhafa.
 - 4.6.8. Tegund og tilgang viðskipta.
- 4.7. Þá skulu þeir sem hafa heimild til að skuldbinda lögaðilann sanna á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum, s.s. vegabréf, ökuskríteini eða nafnskríteini.

- 4.8. Starfsmönnum Sparisjóðsins ber að taka ljósrít af framvísuðum persónuskilríkjum, sbr. framangreint, og staðfesta ljósrítið með undirritun sinni og dagsetningu.
- 4.9. Þá skal viðskiptavinur Sparisjóðsins jafnframt upplýsa Sparisjóðinn ef eitthvað af eftirfarandi atriðum á við um viðskiptavin eða, ef um lögaðila er að ræða, einhvern af raunverulegum eigendum (eigandi að meira en 10% eignarhlut) þess: i) bandarískur ríkisborgararéttur, ii) föst búseta í Bandaríkjunum, handhafi Græna kortsins, iii) skráð heimilisfang í Bandaríkjunum, þ.m.t. pósthólf, iv) regluleg fyrirmæli um greiðslu til Bandaríkjanna, v) umboðshafi á reikningi viðskiptavinar hjá Sparisjóðnum er með heimilisfang í Bandaríkjunum.
- 4.10. Á meðan viðskiptasamband Sparisjóðsins og viðskiptavinar varir sæta viðskipti viðskiptavinarins reglubundnu eftirliti í því skyni að kanna hvort viðskiptin séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptavininn.
- 4.11. Hafi Sparisjóðurinn ástæðu til að ætla að þeir fjármunir sem eiga að fara í gegnum kerfi Sparisjóðsins séu ágóði af ólögmætri háttsemi eða tengjast fjármögnun hryðjuverka áskilur Sparisjóðurinn sér allan rétt til að stöðva slík viðskipti án fyrirvara.
- 4.12. Hafi Sparisjóðurinn rökstuddan grun eða réttmæta ástæðu til að ætla að viðskipti séu hluti af peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka tilkynnir hann það til lögreglu. Hvort heldur sem lögreglu berst tilkynning um grunsamleg viðskipti frá Sparisjóðnum eða eftir öðrum leiðum er Sparisjóðnum skylt að afhenda lögreglu allar nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptavin og viðskiptin.
- 4.13. Sparisjóðnum ber skylda til að varðveita afrit af persónuskilríkjum og vottorðum um viðskiptavini auk annarra upplýsinga um viðskiptavini sem er aflað á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í a.m.k. fimm ár frá því að varanlegu viðskiptasambandi lauk eða einstök viðskipti áttu sér stað.
- 4.14. Veiti væntanlegir viðskiptavinir ekki umbeðnar upplýsingar eða framvísi þeir ekki umbeðnum gögnum er Sparisjóðnum óheimilt að stofna til viðskipta við þá.

5. Yfirlýsing um eignaraðild

- 5.1. Viðskiptavinur staðfestir að allar eignir sem hafa verið eða munu verða lagðar inn á reikning hjá Sparisjóðnum af honum (eða samkvæmt umboði hans) tilheyra honum persónulega og að hann telst raunverulegur eigandi þeirra.
- 5.2. Jafnframt staðfestir viðskiptavinur að eignirnar megi hvorki nú né síðar rekja beint eða óbeint til refsiverðrar háttsemi.

- 5.3. Þá staðfestir viðskiptavinur einnig að hann sé raunverulegur eigandi allra reikninga sem skráðir eru á nafn hans hjá Sparisjóðnum.
- 5.4. Viðskiptavinur lýsir því hér með yfir að hann er heimilisfastur í skattalegum skilningi í því landi sem tilgreint er í samningi viðskiptavinar við Sparisjóðinn og að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði til að falla undir ákvæði tvísköttunarsamnings (sé slíkur samningur fyrir hendi) milli þess lands þar sem hann er heimilisfastur og þess lands þar sem hann fjárfestir fyrir milligöngu Sparisjóðsins.
- 5.5. Viðskiptavinur skuldbindur sig hér með til að tilkynna Sparisjóðnum tafarlaust um allar breytingar á raunverulegri eignaraðild á reikningum sem skráðir eru á nafn hans hjá Sparisjóðnum og skattalegri stöðu.

6. Samskipti við Sparisjóðinn

- 6.1. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að afhenda viðskiptavini öll skjöl á rafrænu formi, svo sem í heima- og fyrirtækjabanka og með samþykki viðskiptavinar geri lög kröfur þar að lútandi.
- 6.2. Varðveisla skjala í heima- og/eða fyrirtækjabanka sparisjóðsins er í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma.
- 6.3. Viðskiptavinur getur óskað þess að fá skjöl send til sín í bréfpósti og greiðir þá þóknun í samræmi við verðskrá Sparisjóðsins hverju sinni.
- 6.4. Samskipti viðskiptavinar og Sparisjóðsins geta farið fram í afgreiðslum Sparisjóðsins, í gegnum síma, bréfflega og á rafrænu formi, svo sem með tölvupósti.
- 6.5. Sparisjóðurinn getur krafist viðskiptavin um allar nauðsynlegar upplýsingar í hverju tilfelli til að sanna deili hans og að hann hafi heimildir til umbeðinna viðskipta eða fyrirmæla.
- 6.6. Öll gögn og tilkynningar sem snerta viðskipti milli viðskiptavinar og Sparisjóðsins getur Sparisjóðurinn sent á það heimilisfang, netfang eða bréfsímanúmer sem viðskiptavinur hefur tilgreint. Þessar upplýsingar og aðrar upplýsingar sem viðskiptavinur lætur Sparisjóðnum í té skulu teljast réttar þar til viðskiptavinur tilkynnir annað. Þannig má Sparisjóðurinn treysta á að erindi sem berast frá netfangi sem viðskiptavinur hefur tilgreint séu frá viðskiptavini sjálfum. Slík erindi geta m.a. verið umsóknir um viðskipti eða aðrar beiðnir í tölvupósti.
- 6.7. Viðskiptavinur skal tilkynna Sparisjóðnum um leið og breyting verður á heimilisfangi hans, símanúmeri, bréfsímanúmeri, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum. Ef viðskiptavinur breytir um lögheimili samkvæmt skráningu í þjóðskrá mun heimilisfang hans í skrá Sparisjóðsins þó breytast sjálfkrafa í samræmi við þá

skráningu og það heimilisfang notað nema viðskiptavinur hafi beint þeim fyrirmælum til Sparisjóðsins að gögn verði send til annars heimilisfangs en lögheimilis. Ef svo háttar til verður það heimilisfang notað þar til viðskiptavinur tilkynnir um annað.

Sé viðskiptavinur ólögráða getur lögráðamaður óskað sérstaklega eftir því að öll gögn verði send á annað nafn og heimilisfang en hins ólögráða viðskiptavinar, en að öðrum kosti verða öll gögn send í samræmi við framangreint.

- 6.8. Fari viðskipti fram í gegnum tölvu eða síma skal viðskiptavinur leggja til þann vél- og hugbúnað sem nauðsynlegur er. Búnaðurinn skal uppfylla kröfur Sparisjóðsins hverju sinni og er viðskiptavinur ábyrgur fyrir notkun á honum. Uppfylli búnaður viðskiptavinar ekki þær lágmarkskröfur sem Sparisjóðurinn gerir er honum heimilt að synja um umbeðin viðskipti eða færslu.
- 6.9. Á heimasíðu Sparisjóðsins má finna upplýsingar um öryggismál, www.spar.is.

7. Meðferð öryggisupplýsinga, notkun leyninúmera, auðkennislykla og rafrænna skilríkja

- 7.1. Í ákveðnum tilvikum og við við framkvæmd tiltekinna viðskipta þarf viðskiptavinur Sparisjóðsins að nota leyninúmer, auðkennislykil eða rafræn skilríki.
- 7.2. Við val á leyninúmeri skal viðskiptavinur Sparisjóðsins gæta þess að númerið samræmist reglum Sparisjóðsins um leyninúmer og verði því ekki rakið til viðskiptavinar með auðveldum hætti. Sem dæmi má nefna að óheimilt er að nota hluta úr kennitölu viðskiptavinar eða tengds aðila, heimilisfangi, póstnúmeri, reikningsnúmeri reiknings viðskiptavinar eða annað sambærilegt sem leyninúmer.
- 7.3. Viðskiptavini Sparisjóðsins er óheimilt að láta öðrum í té leyninúmer sitt. Þá skuldbindur viðskiptavinur sig til að breyta samstundis leyninúmeri ef grunur leikur á því að einhver hafi fengið vitneskju um það. Viðskiptavinur skal tilkynna Sparisjóðnum um slíkan grun tafarlaust.
- 7.4. Viðskiptavinur ábyrgist að varðveita allar öryggisupplýsingar með tryggum hætti og bera ábyrgð á því að þær berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum.
- 7.5. Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllum aðgerðum og viðskiptum sem framkvæmd eru eða óskað er eftir og þeim upplýsingum sem fengnar eru með notkun leyninúmers, óháð eðli aðgerða eða efni upplýsinga.
- 7.6. Handhafi auðkennislykils og/eða rafrænna skilríkja ber fulla ábyrgð á aðgerðum sem framkvæmdar eru í heima- og fyrirtækjabanka Sparisjóðsins með hans auðkenni. Handhafi auðkennislykils og/eða rafrænna skilríkja ábyrgist jafnframt tjón gagnvart eiganda auðkennislykilsins og/eða rafrænna skilríkja (Auðkenni ehf.) og/eða

Sparisjóðnum, sem kann að verða við vörslu eða notkun auðkennislykilsins og/eða rafræna skilríkisins, t.d. við misnotkun notanda eða annars aðila.

8. Reikningsfærslur/Reikningsyfirlit

- 8.1. Reikningsyfirlit eru aðgengileg viðskiptavinum í heima- og fyrirtækjabanka Sparisjóðsins. Viðskiptavinur getur óskað eftir að fá pappírskyfirlit send í pósti, gegn gjaldi, á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is, með því að hringja í Sparisjóðinn eða með því að senda Sparisjóðnum tölvupóst.
- 8.2. Sparisjóðurinn ráðleggur viðskiptavinum að fara yfir reikningsyfirlit sín reglulega og kanna hvort færslur séu réttar.
- 8.3. Viðskiptavinur skal hafa samband við Sparisjóðinn svo fljótt sem auðið er komi í ljós færslur á reikninga hans sem hann hefur ekki framkvæmt sjálfur eða heimilað á annan hátt. Viðskiptavinur getur, eftir atvikum, þurft að bera sjálfur tjón vegna færslna sem hann hefur ekki framkvæmt sjálfur eða heimilað. Um meðferð öryggisupplýsinga, notkun leyninúmera, auðkennislykla og rafrænna skilríkja vísast til 7. kafla skilmála þessara.
- 8.4. Sparisjóðnum ber skylda til að endurgreiða viðskiptavinum greiðslur sem Sparisjóðurinn hefur sannanlega tekið ranglega út af reikningi hans. Á sama hátt hefur Sparisjóðurinn heimild til að draga til baka, þ.e. bakfæra, greiðslur sem hann hefur ranglega lagt inn á reikning viðskiptavinar, s.s. þegar sama greiðsla er lögð inn tvisvar sinnum í röð eða þegar innsláttur á röngum upplýsingum um móttakanda greiðslu á sér stað. Þá áskilur Sparisjóðurinn sér rétt til bakfærslu í þeim tilvikum þar sem samningur Sparisjóðsins við önnur fjármálafyrirtæki kveður á um slíka skyldu. Slíkar leiðréttingar skulu eiga sér stað eins fljótt og auðið er og þær koma fram á reikningsyfirliti viðskiptavinar.
- 8.5. Mistök af hálfu viðskiptavinar við millifærslur, skuldfærslur og innborgarnir á reikning þriðja aðila sem leiða til þess að greitt er inn á rangan reikning verða ekki leiðréttar af Sparisjóðnum án samþykkis móttakanda greiðslunnar. Slík mistök eru á ábyrgð viðskiptavinar Sparisjóðsins.

9. Vextir

- 9.1. Vaxtatafla Sparisjóðsins er birt á vefsíðu Sparisjóðsins, www.spar.is.

Viðskiptavinir geta einnig fengið upplýsingar í afgreiðslum Sparisjóðsins um gildandi vaxtatöflu.

- 9.2. Vextir inn- og útlána eru breytilegir nema annað sé tekið fram. Innláns- og útlánsvextir ákvarðast og breytast án nokkurs fyrirvara í samræmi við vaxtaákvörðun Sparisjóðsins á hverjum tíma. Um rétt Sparisjóðsins til breytinga á inn- og útlánsvöxtum á hverjum tíma vísast til samninga aðila, markaðsþróunar,

fjármögnunarkostnaðar Sparisjóðsins og gildandi laga og reglna hverju sinni. Taki vextir mið af opinberum vaxtafæti, t.a.m. REIBOR, meginvöxtum Seðlabanka Íslands (stýrivöxtum) o.þ.h., eru breytingar á því viðmiði ekki tilkynntar af Sparisjóðnum heldur vísast til aðgengilegra upplýsinga hverju sinni. Uppfærða vaxtatöflu er hægt að nálgast á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is

Breytingar á vaxtakjörum greiðslureikninga sem falla undir lög nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, taka breytingum með tveggja mánaða fyrirvara í samræmi við 42. gr. tilgreindra laga.

- 9.3. Ef viðskiptavinur hefur samið um fasta vexti eða önnur sérstök vaxtakjör við Sparisjóðinn taka breytingar á vöxtum mið af skilmálum sem fram koma í samningum milli Sparisjóðsins og viðskiptavinar hans.
- 9.4. Í hverjum mánuði eru 30 vaxtadagar og 360 vaxtadagar í árinu nema um annað sé sérstaklega samið.
- 9.5. Innborgun ber vexti frá og með næsta degi eftir að hún er lögð inn. Dagurinn fyrir útborgun er síðasti vaxtadagur útborgunar. Sérstakar reglur geta gilt um vaxtaútreikning vegna innborgana og útborgana sem framkvæmdar eru um helgar og á lögbundnum frídögum hvort sem er í heima- og/eða fyrirtækjabanka eða í afgreiðslum Sparisjóðsins.
- 9.6. Vextir leggjast almennt við höfuðstól í árslok en verðbætur leggjast við höfuðstól í lok hvers mánaðar nema um annað sé sérstaklega samið. Vextir og verðbætur koma fram á reikningsyfirliti og er aðgengilegt er í heima- og fyrirtækjabanka sparisjóðsins.
- 9.7. Vextir af yfirdráttarlánum eru reiknaðir mánaðarlega og skuldfærðir síðasta virka dag hvers mánaðar vegna vaxtatímabilsins frá 21. degi fyrri mánaðar til 20. dags viðkomandi mánaðar. Vextir eru bókaðir miðað við 21. dag þess mánaðar.
- 9.8. Vaxtakjör eru ákveðin í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli viðskiptasambands viðskiptavinar við Sparisjóðinn, þ. á m. á grundvelli umsvifa viðskiptavinar, svo sem með tilliti til fjárhæðar innstæðna og lánveitinga. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að færa viðskiptavini á milli innlánsflokka að teknu tilliti til umsvifa viðskiptavinar hjá Sparisjóðnum hverju sinni. Slík tilfærsla getur leitt til hækkunar eða lækkunar vaxta.
- 9.9. Ef innstæða reynist ekki næg fyrir útborgun af tékkareikningum/debetkortareikningum, getur það haft í för með sér refsíabyrgð lögum samkvæmt, auk þess sem annað hvort reiknast samningsvextir samkvæmt vaxtaákvörðun Sparisjóðsins eða dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá úttektardegi að viðbættum kostnaði, þ.m.t. vanskilagiöldum, samkvæmt verðskrá Sparisjóðsins. Einnig kann nafn viðskiptavinar að birtast á Lokanaskrá, sem gæti haft í för með sér að öllum öðrum tékkareikningum/debetkortareikningum sem kunna að vera á nafni viðkomandi viðskiptavinar verði lokað.

- 9.10. Vextir af útlánum eru mismunandi eftir tegund útláns. Útborgunardagur láns er fyrsti vaxtadagur nema um annað hafi verið tekið fram. Gjaldldagi skuldabréfs er ekki vaxtareiknaður.
- 9.11. Bankadagur er virkur dagur þegar bankar og sparisjóðir eru opnir á Íslandi. Ef gjaldldagi, sem jafnframt er eindagi, lendir á almennum frídegi eða helgidegi færist hann á þann bankadag sem næstur kemur á eftir gjaldldaganum. Ef gjaldldagi og eindagi krafna sem Sparisjóðurinn annast innheimtu á fyrir þriðja aðila er ekki sami dagur færist eindagi ekki þótt hann lendi á almennum frídegi eða helgidegi.
- 9.12. Hafi Sparisjóðurinn og viðskiptavinur samið um sérstök vaxtakjör gilda þeir samningsskilmálar umfram almennar breytingar á vaxtatöflu Sparisjóðsins og taka breytingum í samræmi við ákvæði þess samnings, þegar við á.

10. Verðskrá Sparisjóðsins

- 10.1. Um gjald fyrir þjónustu Sparisjóðsins fer samkvæmt verðskrá Sparisjóðsins sem Sparisjóðurinn gefur út eins og hún er á hverjum tíma. Viðskiptavinur skal greiða gjöld fyrir þjónustu Sparisjóðsins og annan útlagðan kostnað í tengslum við veitta þjónustu samkvæmt verðskrá Sparisjóðsins eins og hún er á hverjum tíma.
- 10.2. Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á greiðslum til Sparisjóðsins vegna notkunar á vörum og/eða þjónustu Sparisjóðsins.
- 10.3. Sparisjóðurinn hefur heimild til að breyta verðskrá sinni án fyrirvara og innheimt gjöld eftir því. Ákvæðum sérstakra samninga við viðskiptavini verður breytt í samræmi við ákvæði viðkomandi samnings þar um.
- 10.4. Breytingar eru kynntar á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is.
- 10.5. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir við breytinguna telst hann hafa samþykkt hana.
- 10.6. Hafi Sparisjóðurinn og viðskiptavinur samið um sérstök þjónustugjöld gilda þeir samningsskilmálar umfram almennar breytingar á verðskrá Sparisjóðsins og taka breytingum í samræmi við ákvæði þeirra samninga, þegar við á.
- 10.7. Innheimt þjónustugjald samkvæmt verðskrá Sparisjóðsins getur verið með eftirfarandi hætti:
- 10.7.1. Föst upphæð vegna tiltekinnar þjónustu.
 - 10.7.2. Fastar prósentur af upphæð.
 - 10.7.3. Tímagjald vegna útseldrar vinnu.
 - 10.7.4. Sambland af ofangreindum þáttum, annaðhvort allra eða einstakra liða.

- 10.7.5. Öll viðskipti í erlendum myntum fara eftir gengistöflu Sparisjóðsins eins og hún er hverju sinni. Það ræðst af eðli viðskipta á hvaða gengi viðskipti eru framkvæmd. Myndist gengismunur vegna viðskipta ber viðskiptavinur áhættuna af því, nema samið hafi verið um annað.
- 10.8. Viðskiptavinur getur fengið upplýsingar um innlenda og erlenda verðskrá Sparisjóðsins í afgreiðslu Sparisjóðsins eða á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is.
- 10.9. Verðskrá Sparisjóðsins er birt á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is.

11. Lánaviðskipti, fyrirgreiðslur og tryggingar

- 11.1. Óski viðskiptavinur eftir lánaviðskiptum hjá Sparisjóðnum, hvort sem það er með útgáfu skuldabréfa, gerð lánasamninga, bankaábyrgða, yfirdráttu eða annars, veitir viðskiptavinur Sparisjóðnum heimild til að framkvæma lánshæfis- og/eða greiðslumat vegna fyrirhugaðra lánaviðskipta á grundvelli upplýsinga sem viðskiptavinur afhendir og/eða Sparisjóðurinn sjálfur aflar. Lánshæfis- og/eða greiðslumat byggja á viðskiptasögu viðskiptavinar og Sparisjóðsins og/eða upplýsingum úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust viðskiptavinar. Í þeim tilvikum þar sem engri viðskiptasögu er til að dreifa á milli viðskiptavinar og Sparisjóðsins samþykkir viðskiptavinur hér með að Sparisjóðnum sé heimilt að byggja mat sitt eingöngu á upplýsingum úr gagnagrunni þriðja aðila um fjárhagsmálefni og lánstraust viðskiptavinar. Vakin er athygli á að ófyrirséðir atburðir geta breytt greiðslugetu til hins betra eða verra.
- 11.2. Viðskiptavinur veitir því Sparisjóðnum samhliða samþykki skilmála þessara fulla og ótakmarkaða heimild til þess að óska eftir upplýsingum um eignastöðu og fjárhagsstöðu viðskiptavinar hjá fjármálafyrirtækjum og öðrum lánadrottnum, þ.m.t. um eigna- og skuldastöðu (þ.m.t. upplýsingar um fasteigna- og ökutækjæign(ir), sem miðlað er af Creditinfo Lánstrausti hf., eða öðrum sambærilegum aðila, og sóttar eru í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra gagnagrunna skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000), tekjur og gjöld, þar með talin öll innlán og innstæður, útlán og aðrar fjárskuldbindingar sem viðskiptavinur stendur í við fjármálafyrirtæki og aðra lánadrottna, hvort sem um er að ræða fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði, skattayfirvöld, opinberar stofnanir, Tollstjóra, Íbúðalánsjóð, eða aðra lánadrottna, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum viðskiptavinar, þ. á m. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Viðskiptavini ber einnig að afhenda Sparisjóðnum önnur gögn sem Sparisjóðurinn kann að krefjast hverju sinni vegna lánsviðskipta. Sparisjóðurinn óskar eftir sömu heimildum frá maka viðskiptavinar Sparisjóðsins þegar um sameiginlegar og/eða gagnkvæmar skuldbindingar er að ræða.

- 11.3. Sparisjóðurinn hefur einnig heimild til að afla ýmissa nauðsynlegra upplýsinga úr opinberum skrá, s.s. frá Þjóðskrá.
- 11.4. Með því að samþykkja skilmála þessa samþykkir viðskiptavinur að Sparisjóðnum sé heimilt að framkvæma áhættumat vegna lánsviðskipta á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem viðskiptavinur Sparisjóðsins hefur látið Sparisjóðnum í té og/eða Sparisjóðurinn hefur aflað sjálfur. Með sama hætti heimilar viðskiptavinur og samþykkir að Sparisjóðnum sé heimilt heimilt að óska eftir upplýsingum um áhættumat og/eða lánsþæfismat viðskiptavinar hvenær sem er á lánstímanum frá Creditinfo Lánstraust hf., eða öðrum sambærilegum aðila, sem og að kalla eftir yfirliti í gegnum Skuldastöðukerfi Creditinfo Lástrausts hf., eða önnur sambærileg kerfi, er skila yfirliti sem m.a. innihalda upplýsingar um fjárskuldbindingar viðskiptavinar við kröfuhafa sem eru tengdir viðkomandi kerfi, þ.m.t. hvort vanskil séu til staðar. Viðskiptavinur heimilar og samþykkir að Sparisjóðurinn láti vakta lánsþæfismat og kalli eftir upplýsingum um áhættumat og/eða lánsþæfismat þegar Sparisjóðurinn telur slíkt nauðsynlegt til að gæta hagsmuna Sparisjóðsins, t.a.m. til að uppfylla kröfur um eftirlitskerfi með áhættu, framkvæma mat á útlánasafni eða í tengslum við ákvarðanatöku í tengslum við viðskipti viðskiptavinar við Sparisjóðinn. Lánsþæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo Lánstraust hf., eða annar sambærilegur aðili, safnar og/eða miðlar, svo sem upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá ofl. Lánsþæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar svo sem um stöðu vanskila og lánsþæfismats í fortíð. Nánari upplýsingar um lánsþæfismat (áhættumat) og Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. má finna á www.creditinfo.is.
- 11.5. Viðskiptavinur samþykkir jafnframt að yfirlit Skuldastöðukerfisins og/eða lánsþæfismatið verði notað, þ.m.t. vistað, við ákvörðunartöku í tengslum við umsókn um lánsviðskipti og viðskiptasamband aðila, vegna eftirlits í tengslum við slík viðskipti, boð Sparisjóðsins um tiltekin kjör til handa viðskiptamanni og í öðrum þeim tilvikum þegar Sparisjóðurinn hefur lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga.
- 11.6. Viðskiptavinur samþykkir jafnframt og heimilar að Sparisjóðurinn óski eftir, í tengslum við beiðni um lánsviðskipti, yfirliti frá Reiknistofu bankanna um allar skuldir og skuldbindingar viðskiptavinar við hverja og eina þá lánastofnun og fjármálafyrirtæki sem Reiknistofa bankanna þjónar eða tengist. Þar með eru taldar allar skuldir, skuldbindingar og kröfur sem fjármálafyrirtækin eða lánastofnanirnar innheimta fyrir aðra aðila.
- 11.7. Heimildir Sparisjóðsins samkvæmt 11.1. til 11.6. gr. eru í gildi á meðan Sparisjóðurinn hefur lögvarða hagsmuni af notkun þeirra upplýsinga sem þar eru tilgreindar. Viðskiptavinur getur afturkallað heimildina hvenær sem hann óskar og tekur

afturköllunin gildi 30 dögum eftir að Sparisjóðurinn hefur sannanlega mótttekið slíka skriflega afturköllun.

- 11.8. Sparisjóðurinn getur óskað eftir því að viðskiptavinur setji hvers kyns tryggingar, sem Sparisjóðurinn metur fullnægjandi, svo sem veð í fasteign, peningum, lausafé, verðbréfum eða öðrum verðmætum, fyrir skilvísu greiðslum. Þá getur Sparisjóðurinn einnig óskað þess að þriðji maður gangist í persónulega ábyrgð fyrir lántaka eða leggi fram aðrar tryggingar fyrir lánsviðskiptunum.

Sparisjóðurinn kannar reglulega hvort þörf er á að óska eftir tryggingum eða bæta þurfi við tryggingar vegna útlána og ábyrgða sem þegar hafa verið veitt og getur þá kallað eftir frekari tryggingum telji Sparisjóðurinn þess þurfa.

- 11.9. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að synja viðskiptavini um fyrirgreiðslu eða fara þess á leit að hann leggi fram hvers konar tryggingar þrátt fyrir að viðskiptavinur standist greiðslumat eða breyta þegar veittri en ónýttri fyrirgreiðslu til lækkunar, ef Sparisjóðurinn telur fyrirliggjandi gögn eða önnur atvik, s.s. breytingar á lánstrausti, áhættumati eða lánshæfismati, benda til þess eða valda því að ekki verði talið að viðskiptavinur geti staðið við skuldbindingar sínar eða að líkur á vanskilum aukist.

12. Yfirdráttarheimild

- 12.1. Óski viðskiptavinur eftir yfirdráttarheimild tekur Sparisjóðurinn, eftir ósk viðskiptavinar þar um, ákvörðun um veitingu yfirdráttarheimildar á reikning viðskiptavinar og lágmarks- eða hámarksfjárhæð heimildar hverju sinni. Viðskiptavinur getur óskað eftir hækkun/lækkun yfirdráttarheimildar með skriflegri beiðni, símtali, tölvupósti, símbréfi eða í heima- og fyrirtækjabanka sparisjóðsins. Viðskiptavinur telst hafa samþykkt hækkun á yfirdráttarheimild með notkun sinni á reikningnum í kjölfar hækkunar heimildar.
- 12.2. Ef í ljós kemur að yfirdráttarheimild er misnotuð getur Sparisjóðurinn sagt henni upp fyrirvaralaust. Yfirdráttarheimild fellur sjálfkrafa niður ef reikningi er lokað vegna misnotkunar. Með sama hætti getur Sparisjóðurinn einhliða lækkað þegar samþykkt en ónýtta yfirdráttarheimild vegna minnkandi lánstrausts viðskiptavinar.
- 12.3. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að greiða heimildargjald, skv. verðskrá Sparisjóðsins á hverjum tíma, og vexti vegna yfirdráttarheimildar skv. vaxtaákvörðun Sparisjóðsins hverju sinni. Vextir reiknast á yfirdráttarstöðu hvers dags. Viðskiptagjald og vextir eru skuldfærðir á viðkomandi reikning síðasta dag hvers mánaðar, sbr. 9. og 10. kafla skilmálanna hér að framan. Viðskiptavini ber að gæta þess sérstaklega að staða reikningsins eftir skuldfærslu sé ávallt innan marka yfirdráttarheimildarinnar.
- 12.4. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að krefjast trygginga fyrir veittri yfirdráttarheimild hvenær sem er. Hafi viðskiptavinur lagt fram yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð þriðja

aðila eða aðrar tryggingar til tryggingar yfirdráttarheimild og í ljós kemur að yfirlýsingin eða aðrar tryggingar reynist gölluð eða ábyrgðinni er sagt upp er Sparisjóðnum heimilt að fella niður yfirdráttarheimildina og gjaldfella yfirdráttarskuldina ef viðskiptavinur verður ekki við áskorun Sparisjóðsins um að afla trygginga sem Sparisjóðurinn telur fullnægjandi eða gerir upp yfirdráttarskuld.

13. Tékkhefti

- 13.1. Viðskiptavinur getur óskað eftir því að fá afhent tékkhefti til ávísunar á reikning sinn, gegn greiðslu afgreiðslugjalds skv. verðskrá Sparisjóðsins á hverjum tíma.
- 13.2. Hafi viðskiptavinur fengið afhent tékkhefti skuldbindur hann sig til að nota eingöngu þau tékkaeyðublöð sem honum eru afhent til ávísunar og að skrifa ekki annað reikningsnúmer á tékkaeyðublöðin en honum er heimilt.
- 13.3. Viðskiptavinur skal varðveita tékkhefti þannig að óviðkomandi geti ekki komist yfir það og tilkynna Sparisjóðnum tafarlaust ef tékkaeyðublöð glatast og afhenda Sparisjóðnum öll ónotuð tékkaeyðublöð þegar reikningi er lokað eða þegar Sparisjóðurinn krefst þess af öðrum ástæðum. Að öðrum kosti getur viðskiptavinur orðið ábyrgur gagnvart Sparisjóðnum á tjóni sem leiða kann af misnotkun tékkaeyðublaða.
- 13.4. Útgáfa innstæðulausra tékka umfram innstæðu eða yfirdráttarheimild varðar lokun reiknings með tilheyrandi tilkynningu til lokunarskrár tékkareikninga og getur haft í för með sér refsíábyrgð lögum samkvæmt.

14. Afturköllun greiðslufyrirmæla og endurgreiðsla

- 14.1. Viðskiptavinur getur almennt ekki afturkallað greiðslufyrirmæli eftir að Sparisjóðurinn hefur tekið við þeim. Frá þessu eru nokkrar undantekningar í lögum um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, sbr. t.a.m. þegar um beingreiðslu er að ræða, en þá getur viðskiptavinur afturkallað greiðslufyrirmæli í síðasta lagi í lok síðasta viðskiptadags fyrir umsaminn framkvæmdadag greiðslu. Sparisjóðnum er heimil gjaldtaka fyrir afturköllun greiðslufyrirmæla í samræmi við verðskrá Sparisjóðsins á hverjum tíma.
- 14.2. Viðskiptavinur á almennt ekki rétt á endurgreiðslu heimilaðrar og þegar framkvæmdir greiðslu sem hann hefur veitt Sparisjóðnum samþykki sitt fyrir. Frá þessu eru nokkrar undantekningar í lögum um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, sbr. t.d. þegar viðtakandi greiðslu á frumkvæði að, eða hefur milligöngu um framkvæmd greiðslunnar, og eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: (a) fjárhæð greiðslu er ekki nákvæmlega tilgreind í heimild til greiðslu, (b) fjárhæð greiðslunnar er hærri en svo að viðskiptavinur geti með sanngjörnum hætti gert ráð fyrir greiðslunni m.v. m.a. útgjaldamynstur hans og atvik að öðru leyti.

15. Þagnarskylda

- 15.1. Stjórnarmenn Sparisjóðsins, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu Sparisjóðsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptavinar Sparisjóðsins, nema skylt sé að veita upplýsingarnar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 15.2. Viðskiptavinur getur heimilað að trúnaði sé aflétt. Einnig getur dómari úrskurðað að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða hjá lögreglu eða að skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt sem varða einka- og/eða viðskiptamálefni viðskiptavina og Sparisjóðurinn er að jafnaði bundinn trúnaði um.
- 15.3. Sparisjóðurinn gefur öðrum fjármálafyrirtækjum upp nafn og kennitölu viðskiptavinar Sparisjóðsins í þeim tilvikum þegar þeir sjálfir hafa óskað eftir millifærslu á reikning annars fjármálafyrirtækis. Er það gert m.a. svo viðtakandi greiðslunnar viti hver greiðandi hennar er.

16. Umboð

- 16.1. Viðskiptavinur getur veitt þriðja aðila umboð til að annast viðskipti við Sparisjóðinn og/eða afla upplýsinga hjá Sparisjóðnum vegna viðskipta sinna við Sparisjóðinn fyrir sína hönd.
- 16.2. Umboð sem viðskiptavinur veitir þriðja aðila vegna viðskipta við Sparisjóðinn eða til að annast viðskipti við Sparisjóðinn eða óska upplýsinga um viðskipti skulu vera skrifleg og vottuð af tveimur vottum, lögbókanda (l. notario publico) eða héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni.
- 16.3. Sé umboðsmanni ekki veitt fullt og ótakmarkað umboð skal tilgreina nákvæmlega hvaða heimildir umboðsmaður hefur til að taka ákvarðanir fyrir hönd umbjóðanda.
- 16.4. Sé umboð ekki tímabundið fellur það niður gagnvart Sparisjóðnum við afturköllun umbjóðanda á umboði.
- 16.5. Afturköllun eða breyting umbjóðanda á umboði er hann hefur veitt skal berast Sparisjóðnum skriflega. Afturköllun eða breyting á umboði öðlast gildi þegar tilkynningin berst Sparisjóðnum.
- 16.6. Sparisjóðnum er heimilt að synja um viðskipti á grundvelli umboðs viðskiptavinar ef Sparisjóðurinn telur að umboðið uppfylli ekki kröfur Sparisjóðsins eða laga um skýrleika og vottun.

17. Samruni félaga, breyting á tilgangi o.fl.

- 17.1. Ef viðskiptavinur er lögaðili og taki hann ákvörðun um að sameinast öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í fleiri sjálfstæð félög, breyta starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félags í samþykktum þess, eða verði veruleg breyting á eignaraðild í félaginu (viðskiptavinar), er Sparisjóðnum heimilt að segja upp öllum viðskiptasamningum sem eru í gildi milli aðila, telji Sparisjóðurinn að slíkar breytingar hafi verulega neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll, fjárhagsstöðu félagsins eða viðskiptavinar eða getu félagsins eða viðskiptavinar til að standa við skuldbindingar sínar.
- 17.2. Viðskiptavinur skal tilkynna Sparisjóðnum án tafar um slíka ákvörðun. Uppsagnarfestur skal vera 15 dagar frá því Sparisjóðurinn tilkynnir viðskiptavini um ákvörðun sína um að segja viðskiptunum upp. Allir samningar skulu þá falla í gjalddaga strax að liðnum uppsagnarfresti og skal fjárhagslegt uppgjör fara fram þá þegar. Aðstæður kunna á hinn bóginn að krefjast þess að skemmri frestur sé veittur og er Sparisjóðnum því heimilt að setja skemmri uppsagnarfrest eða stytta áður veittan frest.

18. Lok viðskipta, vanefndir, lok viðskipta og uppsögn

- 18.1. Viðskiptavini er heimilt að slíta viðskiptasambandi sínu við Sparisjóðinn fyrirvaralaust nema laga- eða samningsákvæði kveði á um annað. Uppsögn skal tilkynnt með sannanlegum hætti.

Samkvæmt lögum eða ákvæðum tiltekinna lánasamninga er viðskiptavini óheimilt að segja upp tilteknum samningum. Í öðrum ákveðnum tilvikum lánaviðskipta, þegar heimilt er að greiða lán upp, getur Sparisjóðurinn krafist uppgreiðslugjalds samkvæmt verðskrá Sparisjóðsins nema um aðra upphæð hafi sérstaklega verið samið.

- 18.2. Bundnum innlánsreikningum er ekki hægt að segja upp fyrr en að binditíminn er liðinn.
- 18.3. Sparisjóðnum er heimilt að segja upp viðskiptasambandi við viðskiptavin með tveggja mánaða fyrirvara.
- 18.4. Sparisjóðurinn getur aðeins sagt upp lánasamningum með aðvörun og þá því aðeins að fyrir liggja brot á samningsákvæðum eða vanefndir í samræmi við efni skilmála viðkomandi lána.
- 18.5. Ef viðskiptum er sagt upp áskilur Sparisjóðurinn sér rétt til að segja upp ábyrgðum og öðrum skuldbindingum sem hann hefur tekist á hendur gagnvart viðskiptavini. Í vissum tilvikum getur það ráðist af samningum hvort og með hvaða hætti segja megi upp viðskiptum. Skilmálar þeirra skulu ganga frammar efni þessara skilmála ef misræmi

er þeirra á milli. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að útvega nauðsynlegar tryggingar vegna útistandandi ábyrgða Sparisjóðsins eftir því sem við á og í samræmi við beiðni Sparisjóðsins þar um.

- 18.6. Njóti viðskiptavinur sérhæfðrar þjónustu Sparisjóðsins, svo sem greiðslu-, húsfélaga- eða innheimtuþjónustu, fer uppsögn þeirra samninga eftir sérstökum skilmálum þeirra þjónustubáttá. Sparisjóðurinn áskilur sér ávallt rétt til að rifta slíkum samningum ef viðskiptavinur vanefnir skyldur sínar verulega, gerist sekur um sviksamlega háttsemi eða gerir nokkuð annað sem stríðir gegn heiðarleika og eðlilegum viðskiptaháttum.
- 18.7. Ef viðskiptavinur, við uppsögn samnings eða uppsögn annarrar þjónustu, skuldar Sparisjóðnum gjöld eða aðrar þóknanir vegna veittrar þjónustu er Sparisjóðnum heimilt að skuldfæra gjöldin af reikningi viðskiptavinar.
- 18.8. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að læsa reikningum og segja fyrirvaralaust upp viðskiptum við viðskiptavini verði þeir uppvisir að brotum gegn skilmálum þessum eða lögum og reglum. Skal viðskiptavinur látinn vita af lokuninni svo fljótt sem verða má.
- 18.9. Með því að samþykkja viðskiptaskilmála þessa heimilar viðskiptavinur Sparisjóðnum að tilkynna vanskil sem varað hafa lengur en 40 daga til Creditinfo Lánstrausts hf., eða annars/annarra sambærilegra aðila, til skráningar í skrá yfir vanskil.
- 18.10. Viðskiptavinur hefur að jafnaði rétt til að falla frá fjarsölusamningi án greiðslu og án þess að tilgreina nokkra ástæðu enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til Sparisjóðsins innan 14 daga frá þeim degi er fjarsölusamningur var gerður. Ákvæði laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu gilda um réttindi og skyldur viðskiptavina og Sparisjóðsins við gerð og framkvæmd fjarsölusamninga.

19. Erlend viðskipti

- 19.1. Óski viðskiptavinur eftir því við Sparisjóðinn að Sparisjóðurinn hafi milligöngu fyrir sína hönd um viðskipti utan Íslands, þar á meðal um millifærslu gjaldeyris, er Sparisjóðnum heimilt að velja það fjármálafyrirtæki sem honum hentar hverju sinni nema um annað sé sérstaklega samið.
- 19.2. Sparisjóðurinn ber enga ábyrgð á tjóni viðskiptavinar sem stafar af mistökum fjármálafyrirtækis, hvort heldur sem um er að ræða innlent eða erlent fjármálafyrirtæki, í tengslum við erlend viðskipti sem Sparisjóðurinn hefur að beiðni viðskiptavinar milligöngu um. Þá ber Sparisjóðurinn enga ábyrgð á tjóni viðskiptavinar sem stafar af gjaldþroti innlends eða erlends fjármálafyrirtækis.

- 19.3. Þá ber Sparisjóðurinn enga ábyrgð á mögulegum mistökum eða vanrækslu sem leiða kann af vali viðskiptavinar á erlendum viðskiptaaðila og áreiðanleika hans. Hið sama gegnir um mistök eða vanrækslu fjármálafyrirtækja, innlendra eða erlendra. Er viðskiptavini Sparisjóðsins bent á að kynna sér skilmála viðkomandi fjármálafyrirtækis, gildandi löggjöf þess ríkis og framkvæmd viðskipta þar í landi.
- 19.4. Gengistafla Sparisjóðsins gildir í öllum viðskiptum með erlenda mynt nema um annað sé sérstaklega samið. Fer það eftir eðli viðskipta hvort notað er stundargengi, lokagengi eða sérgengi sem er ákveðið af Sparisjóðnum.
- 19.5. Í þeim viðskiptum sem myndast getur gengismunur ber viðskiptavinur Sparisjóðsins alla áhættu þar af nema sérstaklega hafi verið samið um annað.

20. Rafrænar upplýsingar og rafrænar undirskriftir

- 20.1. Sparisjóðnum er heimilt að veita viðskiptavinum sínum allar upplýsingar sem honum er skylt að veita með rafrænum hætti, svo sem á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is, eða í heima- og fyrirtækjabanka viðskiptavinar, nema lög eða efni sammings við viðskiptavin kveði á um annað.
- 20.2. Undirritanir viðskiptavina Sparisjóðsins sem veittar eru með rafrænum skilríkjum hafa fullt gildi í viðskiptum við Sparisjóðinn.
- 20.3. Öll samskipti Sparisjóðsins og viðskiptavinar með rafrænum undirskriftum skulu teljast bindandi, nema lög kveði á um annað, líkt og þær hafi verið gerðar með skriflegum hætti, sbr. lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001.

21. Höfundaréttur

- 21.1. Sparisjóðurinn á höfundarréttinn af öllum þeim upplýsingum og gögnum sem fram koma á heimasíðu Sparisjóðsins, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiða megi af eðli máls. Skriflegt samþykki Sparisjóðsins þarf til að endurbirta upplýsingar sem fram koma á vef Sparisjóðsins, dreifa þeim eða afrita þær, í heild eða hluta, hvort heldur sem er með skjámyndum, prentun eða á annan sambærilegan hátt. Ekki skiptir máli hvers eðlis umræddar upplýsingar eru né í hvaða tilgangi ætlunin er að endurbirta þær, afrita eða dreifa. Í því felst m.a. að óheimilt er án skriflegs leyfis Sparisjóðsins að (a) afrita, breyta, dreifa, leigja, lána, selja, markaðssetja, gefa út eða framleiða nokkurt efni sem byggir á efni Sparisjóðsins, (b) afkóða, eða á annan hátt reyna að komast að frumkóða heimasíðu eða heima- og fyrirtækjabanka sparisjóðsins, (c) nota vef eða heima- og fyrirtækjabanka sparisjóðsins á þann hátt að veittur sé aðgangur með fjöldaniðurhali að upplýsingum eða (d) nota upplýsingar til samnýtingar með öðrum vörum eða forritum.
- 21.2. Sparisjóðurinn ábyrgist ekki að upplýsingar sem birtast á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is, séu réttar. Sparisjóðurinn ábyrgist ekki efni sem upprunið er hjá þriðju aðilum og birt er á vefnum. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til þess að breyta innihaldi

vefsins á hvaða hátt sem er og hvenær sem er, í hvaða tilgangi sem er, án fyrirfram tilkynningar og tekur ekki ábyrgð á neinum hugsanlegum afleiðingum slíkra breytinga.

22. Eftirlitsmyndavélar, hljóðritun símtala og tölvupóstar

- 22.1. Í höfuðstöðvum og útibúum Sparisjóðsins eru eftirlitsmyndavélar. Sparisjóðnum er heimilt að nýta sér upptökurnar komi upp ágreiningur milli aðila eða til að rannsaka mögulega saknæma og/eða refsiverða háttsemi starfsmanna eða viðskiptavinar Sparisjóðsins.
- 22.2. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að hljóðrita öll símtöl, bæði þau sem eru móttokin og þau sem starfsmenn hringja. Sparisjóðnum er heimilt að nýta sér upptökurnar ef upp kemur ágreiningur milli aðila og nauðsynlegt er að staðreyna innihald samtalsins, eða til að rannsaka mögulega saknæma og/eða refsiverða háttsemi starfsmanna eða viðskiptavina Sparisjóðsins.
- 22.3. Allir tölvupóstar sem Sparisjóðurinn og starfsmenn hans móttaka og senda eru varðveittir í samræmi við lög og reglur hverju sinni.
- 22.4. Hljóðritun símtala er í samræmi við ákvæði laga nr. 81/2003, um fjarskipti.
- 22.5. Myndbandseftirlit fer fram í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur nr. 837/2006, um rafræna vöktun.
- 22.6. Úrvinnsla þeirra upplýsinga sem kunna að verða til við hljóðritun símtala og myndbandsupptaka er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- 22.7. Sparisjóðnum er óheimilt að afhenda afrit af eftirlitsupptökum, tölvupóstum og hljóðrituðum símtölum nema samkvæmt sérstakri lagaheimild eða úrskurði dómara. Sparisjóðnum er þó ávallt heimilt að afhenda lögreglu afrit þegar um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða.

23. Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga

- 23.1. Sparisjóðnum er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna persónuupplýsingar til að sinna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki sem og til að tryggja öryggi í fjármálaþjónustu. Með persónuupplýsingum er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um viðskiptavin sem viðskiptavinur lætur eða hefur látið af hendi eða Sparisjóðurinn hefur í sínum fótum eða hefur fengið frá þriðja aðila.

- 23.2. Þá óskar Sparisjóðurinn eftir upplýsingum frá viðskiptavinum sem varða þá þjónustu sem hann veitir, en upplýsingar sem Sparisjóðurinn aflar verða eingöngu nýttar í samræmi við þann tilgang sem þeim var ætlað. Í því skyni skal Sparisjóðnum þó heimilt að að afhenda öðrum aðilum persónuupplýsingar um viðskiptavini án samþykkis þeirra ef þjónusta Sparisjóðsins krefst þess.
- 23.3. Viðskiptavinur staðfestir að honum sé kunnugt um að til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum sé Sparisjóðnum nauðsynlegt að safna saman og vinna úr persónuupplýsingum í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með sama hætti veitir viðskiptavinur jafnframt ótvírætt samþykki sitt fyrir því að Sparisjóðnum sé heimilt að vinna persónuupplýsingarnar með þeim hætti sem Sparisjóðurinn telur nauðsynlegt.

Með samþykki er átt við að notandi hefur gefið sérstaka, ótvíræða yfirlýsingu af fúsum og frjálsum vilja um að notandi sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, og um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt.

- 23.4. Við vinnslu persónuupplýsinga telst Sparisjóðurinn ábyrgðaraðili vinnslunnar í skilningi laganna um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, og er markmiðið með söfnun persónuupplýsinga að tryggja að Sparisjóðurinn geti efnt skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavini og veitt honum þá þjónustu sem Sparisjóðnum er að öðru leyti heimilt að veita, þ.m.t. að bjóða honum nýja þjónustu eða viðbótarþjónustu Sparisjóðsins eða annarra aðila sem Sparisjóðurinn hefur gert samning við. Við vinnslu persónuupplýsinga er Sparisjóðnum þannig m.a. heimilt að upplýsa og miðla persónuupplýsingum til notenda, starfsmanna og annarra aðila, þ.m.t. annarra aðila sem gert hafa samninga við Sparisjóðinn. Viðskiptavinur verður að jafnaði auðkenndur með kennitölu og eftir atvikum nafni.
- 23.5. Athygli viðskiptavinar er vakin á rétti hans til upplýsinga í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og takmarkanir á upplýsingarétti hans.
- 23.6. Jafnframt er vakin athygli á rétti viðskiptavinar til þess að upplýsingar um hann í skilningi þessa kafla séu leiðréttar eða þeim eytt við sérstakar kringumstæður.
- 23.7. Sparisjóðurinn mun almennt ekki afhenda persónuupplýsingar um viðskiptavin nema dómari úrskurði að skylt sé að veita slíkar upplýsingar fyrir dómi eða hjá lögreglu eða að skylt sé að veita slíkar upplýsingar lögum samkvæmt. Viðskiptavinur getur þó heimilað Sparisjóðnum afhendingu persónuupplýsinga um hann.
- 23.8. Upplýsingar eru eftir atvikum sendar til vinnsluaðila sem vinnur persónuupplýsingar á vegum Sparisjóðsins eða sinnir tengdum verkefnum fyrir hönd Sparisjóðsins. Þeir sem veita viðtöku upplýsingum um viðskipta og/eða einkamálefni viðskiptavina

Sparisjóðsins eru bundnir þagnarskyldu með sama hætti og gildir um Sparisjóðinn og starfsmenn hans.

23.9. Að öðru leyti fer um vinnslu persónuupplýsinga, réttindi viðskiptavinar og skyldur Sparisjóðsins samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

24. Ábyrgð á tjóni

24.1. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinir verða fyrir nema það megi rekja til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings starfsmanna Sparisjóðsins við framkvæmd starfa þeirra, nema lög eða samningar kveði á um annað.

24.2. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af:

24.2.1. rangri, villandi eða misvísandi upplýsingagjöf eða fyrirmælum viðskiptavinar,
24.2.2. óviðráðanlegum atvikum, s.s. bilunum, truflunum eða óvirkni fjarskiptabúnaðar, náttúruhamförum, stríði, hryðjuverkum, skemmdarverkum, borgaralegum óeirðum, samskiptum eða tölvuaðstöðu, viðskiptaböllum, verkföllum, lögum og reglum stjórnvalda, samtaka eða stjórnvalda á alþjóðavettvangi og öðrum sambærilegum atvikum sem Sparisjóðurinn gat ekki og mátti ekki geta með réttu séð fyrir og hindrað,

24.2.3. lögákveðnum skyldum Sparisjóðsins,

24.2.4. öðrum óviðráðanlegum atvikum sem rjúfa, trufla eða hindra að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem Sparisjóðurinn veitir án þess að slíkir atburðir flokkist undir óviðráðanleg atvik (l. force majeure).

24.3. Í þessum skilmálum merkir óviðráðanleg atvik hver þau atvik sem hindra Sparisjóðinn í að standa við einhverja eða allar þær skuldbindingar sem ýmist stafa af eða má rekja til athafna, atburða, vanrækslu eða óhappa sem ætla má að séu utan þess sem gera má ráð fyrir að Sparisjóðurinn hafi stjórn á, þar með talið, en án takmarkana, hvers kyns bilana, truflana eða óvirkni fjarskiptabúnaðar, náttúruhamfara, stríðs, hryðjuverka, skemmdarverka, borgaralegra óeirða, samskipta eða tölvuaðstöðu, verkfalls, laga og reglugerða stjórnvalda eða samtaka eða stjórnvalda á alþjóðavettvangi.

24.4. Geti Sparisjóðurinn ekki sinnt skuldbindingum sínum vegna óviðráðanlegra atvika mun Sparisjóðurinn gera viðskiptavini viðvart um það með skriflegum hætti þar sem eðli og umfangi atvikanna er lýst.

24.5 Sparisjóðnum er ekki skylt að inna af hendi neina af skuldbindingum sínum vegna óviðráðanlegra atvika eða á meðan sú staða er enn uppi.

- 24.6 Sparisjóðurinn skal kappkosta að koma því í kring að hinum óviðráðanlegu atvikum ljúki sem fyrst eða finna lausn á því með hvaða hætti efna megi samkomulagið þrátt fyrir áframhaldandi óviðráðanleg atvik.
- 24.7 Skal Sparisjóðurinn gera allar viðeigandi ráðstafanir svo að unnt sé að efna skuldbindingar eftir að óviðráðanlegum atvikum lýkur.
- 24.8 Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð gagnvart viðskiptavini á neinum töfum, að hluta eða öllu leyti, á skuldbindingum sem hér eiga undir vegna ástæðna sem rekja má til óviðráðanlegra atvika.
- 24.9 Viðskiptavinur Sparisjóðsins ber ábyrgð á því tjóni sem hann veldur Sparisjóðnum sem rakið verður til ásetnings, vanrækslu eða stórfellds gáleysis af hans hálfu.

25. Skuldajafnaðar og haldsréttur Sparisjóðsins

- 25.1 Sparisjóðurinn er heimilt að skuldajafna, án frekari tilkynninga þar um, öllum kröfum sem viðskiptavinur á eða eignast á hendur Sparisjóðnum, á móti öllum kröfum Sparisjóðsins, gjaldföllnum eða ógjaldföllnum, á hendur viðskiptavini.
- 25.2 Eigi Sparisjóðurinn gjaldfallna kröfu, eina eða fleiri, vegna viðskipta sem falla undir gildissvið skilmála þessara á hendur viðskiptavini, hvort sem gjalddagi kröfunnar er kominn fram eða krafa hefur verið gjaldfelld af hálfu Sparisjóðsins, er Sparisjóðnum heimilt að halda í umráðum sínum fjármálagerningum, peningum og öðrum fjármunum sem viðskiptavinur á og eru í vörslum Sparisjóðsins, uns viðskiptavinur hefur greitt kröfuna að fullu, þ.m.t. vexti og kostnað. Haldsréttur þessi nær jafnframt til fjármálagerninga og peninga í eigu viðskiptavinar sem Sparisjóðurinn hefur falið öðrum fjármálafyrirtækjum, innlendum sem erlendum, vörslur á.
- 25.3 Á meðan Sparisjóðurinn hefur fjármálagernina eða peninga í umráðum sínum á grundvelli haldsréttar missir viðskiptavinur umráð og afnotarétt yfir þeim. Þá hefur viðskiptavinur auk þess hvorki aðgang að þeim peningum sem um ræðir né er honum heimilt að framselja aðra fjármálagerninga.
- 25.4 Á meðan Sparisjóðurinn hefur í umráðum sínum einn eða fleiri fjármálagerninga á grundvelli haldsréttar er Sparisjóðnum heimilt, en aldrei skylt, að selja viðkomandi fjármálagerning, hvort sem er á skipulögðum verðbréfamarkaði eða utan hans, og nýta þá peninga sem greiddir eru fyrir fjármálagerninginn til skuldajöfnunar gagnvart gjaldfallinni eða gjaldföllnum kröfum á hendur viðskiptavini. Viðskiptavini er ljóst að verðbreytingar á fjármálagerningum eru tíðar. Sparisjóðurinn ber hvorki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar vegna verðbreytinga fjármálagerninga þeirra sem Sparisjóðurinn kýs að selja á grundvelli þessarar heimildar né á tjóni viðskiptavinar af öðrum ástæðum.

26. Réttarúrræði viðskiptavina

- 26.1. Hafi viðskiptavinur Sparisjóðsins einhverjar ábendingar eða kvartanir vegna vöru, þjónustu eða meintra mistaka Sparisjóðsins og/eða starfsmanna hans við framkvæmd laga eða reglna geta þeir komið erindi sínu á framfæri við Sparisjóðinn.
- 26.2. Á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spar.is, er hægt að senda ábendingar varðandi hvaðeina er snýr að starfsemi Sparisjóðsins, þjónustu hans og öðru.
- 26.3. Sparisjóðurinn er aðili að Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Viðskiptavinur getur skotið ágreiningi sínum við Sparisjóðinn til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í samræmi við samþykktir fyrir nefndina:

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki
Höfðatúni 2
105 Reykjavík
Sími: 520 3700
Fax: 520 3727
Tölvupóstur: urskfjarm@fme.is

Til að senda inn kvörtun til nefndarinnar þarf viðskiptavinur að fylla út sérstakt málskotseyðublað og greiða málskotsgjald.

Ef kröfur viðskiptavinar eru teknar til greina að hluta eða að öllu leyti fæst málskotsgjaldið endurgreitt.

Málskotseyðublaðið má finna á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins: www.fme.is.

- 26.4. Fjármálaeftirlitið starfrækir upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustu fyrir viðskiptavini fjármálafyrirtækja. Sjá nánar á vef Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.
- 26.5. Þá getur viðskiptavinur Sparisjóðsins einnig borið ágreiningsefni undir dómstóla.
- 26.6. Bent er á að Lögmannafélag Íslands býður almenningi ókeypis lögmannsaðstoð. Sjá nánar á vef Lögmannafélags Íslands, www.lmfi.is.

27. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

- 27.1. Með lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, er innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf veitt lágmarksvernd gegn greiðsluferfiðleikum viðkomandi fyrirtækis með stofnun sérstakrar stofnunar er nefnist Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

- 27.2. Sjóðnum er skylt að greiða viðskiptavinum viðkomandi fyrirtækis andvirði innstæðu og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf ef fyrirtækið er ekki fært að álitum Fjármálaeftirlitsins að inna af hendi slíka greiðslu sem viðskiptavinur hefur krafist fyrirtækið um endurgreiðslu eða skil á.

Ákveðnar reglur gilda um fjárhæð til greiðslu ef eignir sjóðsins duga ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár.

Sparisjóðurinn er aðili að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og nánari upplýsingar eru á vef Tryggingarsjóðs innstæðueiganda og fjárfesta www.tryggingarsjodur.is.

28. Andlát viðskiptavinar, gjaldþrot, nauðasamningar, greiðslustöðvun og sambærileg tilvik

- 28.1. Við andlát viðskiptavinar, slit, gjaldþrot, greiðslustöðvun eða staðfestingu nauðasamnings hans eða við önnur sambærileg tilvik skal Sparisjóðnum gert viðvart.

Sparisjóðnum skulu þá berast upplýsingar um hvað gera skuli við eignir viðskiptavinar og ef annar aðili hefur öðlast rétt viðskiptavinar skal það tilkynnt þegar í stað af þar til bærum aðila og sendar skulu upplýsingar um nýtt heimilisfang og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

Hafi Sparisjóðnum ekki borist viðeigandi upplýsingar um ofangreinda atburði og ekki fengið sendar skriflegar upplýsingar um nýtt heimilisfang eða aðrar nauðsynlegar upplýsingar, skulu áður gefnar upplýsingar teljast hinar réttu og ber Sparisjóðurinn enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna þessa. Aðilar sem fengið hafa umboð til að taka ákvarðanir fyrir hönd viðskiptavinar teljast hafa fullgilt umboð þar til Sparisjóðurinn hefur fengið skriflegar upplýsingar um hið gagnstæða.

Sparisjóðurinn ber enga ábyrgð vegna tjóns sem kann að stafa af minnstu óvissu varðandi hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir varðandi eignir viðskiptavinar eða fyrir hönd viðskiptavinar í ofangreindum tilvikum. Það er á ábyrgð hins nýja rétthafa að koma þessum málum í rétt og öruggt horf.

29. Annað

- 29.1. Samskipti milli aðila skulu fara fram með símbréfi, tölvupósti, símtali eða í gegnum heima- og/eða fyrirtækjabanka sparisjóðsins.
- 29.2. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir og samþykkir þá áhættu sem felst í rafrænu samskiptaformi, þ.m.t. hættu á því að tölvupóstur komist ekki til skila á réttum tíma og mögulega hættu á því að trúnaði verði stefnt í hættu með slíku samskiptaformi.
- 29.3. Viðskiptavinur lýsir því jafnframt yfir með samþykki sínu að hann hafi reglulegan aðgang að veraldarvefnum (internetinu).

- 29.4. Verði viðskiptavinur fyrir tjóni vegna þess að tilkynningar milli aðila misfarast, t.d. ef viðskiptavinur fær ekki tölvupóst vegna einhverra ástæðna eða bréfasendingar komast ekki til skila eða ef upp koma tækniörðugleikar eða misskilningur vegna ógreinilegra fyrirmæla í myndsendi eða í síma, ber Sparisjóðurinn enga ábyrgð á því tjóni.
- 29.5. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að fela dóttur- eða hlutdeildarfélagi Sparisjóðsins eða utanaðkomandi aðila, svo sem Sambandi íslenskra sparisjóða, að sinna þeim verkefnum sem viðskiptavinur felur honum, allt í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.
- 29.6. Fyrirsagnir í skilmálum þessum eru einungis til útskýringar.
- 29.7. Um skilmála þessa og viðskipti viðskiptavinar og Sparisjóðsins gilda íslensk lög, nema um annað sé sérstaklega samið.
- 29.8. Rísi mál út af skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.
- 29.9. Ef einhver ákvæði þessara skilmála eru eða verða ólögleg, ógild eða óframkvæmanleg að einhverju leyti vegna löggjafar í sérhverri lögsögu, skal það hvorki hafa áhrif á lögmæti, gildi eða framkvæmanleika þeirra ákvæði þessara skilmála sem eftir standa, né áhrif á lögmæti, gildi eða framkvæmanleika slíkra ákvæða samkvæmt lögum í annarri lögsögu.

30. Gildistaka og breytingar

- 30.1. Sparisjóðnum er einhliða heimilt að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er.
- 30.2. Séu breytingarnar ekki til hagsbóta fyrir viðskiptavin skal honum tilkynnt um þær á tryggan hátt, svo sem með skilaboðum í heima- og fyrirtækjabanka Sparisjóðsins eða póstsendingu á tilkynnt aðsetur eða lögheimili viðskiptavinar hafi hann ekki aðgengi að heima- og/eða fyrirtækjabanka.
- 30.3. Skulu breytingarnar kynntar viðskiptavin eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir gildistöku þeirra. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir innan þess tíma telst hann hafa samþykkt breytingarnar.
- 30.4. Aðrar breytingar er Sparisjóðnum heimilt að kynna og birta á vefsíðu Sparisjóðsins, www.spar.is.
- 30.5. Í tilkynningu um breytta skilmála skal vakin athygli á því í hverju breytingarnar eru fólgnar og rétti viðskiptavinar til að segja samningi upp.

- 30.6. Sætti viðskiptavinur sig ekki við breytingu á skilmálum getur hann sagt upp viðskiptum sínum við Sparisjóðinn í samræmi við 18. kafla.
- 30.7. Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður ekki breytt af hálfu viðskiptavinar.
- 30.8. Áritanir, útstrikanir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptavinur gerir á þeim hafa ekki gildi gagnvart Sparisjóðnum.
- 30.9. Skilmálar þessir gilda fyrir alla viðskiptavini Sparisjóðsins og koma í stað áður samþykktu og birtra skilmála sama efnis.

Skilmálar þessir taka gildi 15. júní 2016